



Selfyssingar fögnuðu sumardegnum fyrsta í blíðskaparveðri. Skátafélagið Fossbúar leiddu skráðgöngu ásamt Lúðrasveit Selfoss. Skráðgangann endaði við Gláðheima þar sem Fossbúar voru með ýmislegt á seyði fyrir alla fjölskylduna. Ljósmynd: Dagskráin/BRV.

Fjölbrautaskóli Suðurlands sigraði Ungt umhverfisfréttafólk

Landvernd heldur árlega keppnina „Ungt umhverfisfréttafólk“ þar sem ungmenni fá vettvang til þess að kynna sér umhverfismál og koma upplýsingum á framfæri á skapandi hátt. Fjölbrautaskóli Suðurlands bar sigur úr býtum í ár. Sigurvegurinum er boðið að taka þátt í alþjóðlegu keppninni Young Reporters for the Environment. Af fimm verkefnum sem rötuðu í úrslit átti FSu tvö, verkefnið „Kára hval“ eftir Axel Sturlu, Konráð

Inga og Sunnu Hlín og „Afneitun manns“ eftir Ólöfu Völu.

Kári hvalur, sem er barnabók um samnefndan hval, sigraði keppnina. Í bókinni er sagt frá ævintýrum hans í ljóðrænum texta en hún er í raun ekki bók fyrir börn þar sem Kári hvalur lendir í hræðilegum atburðum og missir að lokum foreldra sína. Verkefnið er því sterk ádeila á hvalveiðar Íslendinga. Höfundar bókarinnar sáu einnig um að myndskreyta hana.

Verkefnið var upphaflega unnið í landafræði þar sem nemendur þurftu að skoða vandamál í sínu nærumhverfi sem tengjast hafinu. „Þar kviknaði þessi hugmynd sem þróaðist í þetta frábæra verkefni. Verkefnið er unnið á hverri önn í landafræði og nemendur hvattir til að taka þátt í keppni Landverndar og nú hefur umhverfisfræðin einnig ákveðið að hvetja nemendur til þátttöku í þessu frábæra verkefni,“ segir á heimasíðu FSu.



Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2024



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

TRUKKVERK EHF

jarðvinnuverktaki síðan 2016

púðar undir hús - lagnavinna - efnissala
bílaplön - tækjaflutningar
vegagerð ofl.



Árni 698-0690

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum
algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Bókakaffið

Sumarafleysingar



Starfsmaður óskast í hlutastarf á Bókakaffinu á
Selfossi frá 1. júní til 15. ágúst.

Reynsla af verslunarstörfum og veitingasölu er
kostur. Lágmarksaldur 18 ár.

Allt að 75% starf. Laun samkvæmt taxta VR

Nánari upplýsingar í sínum
694 3874 (Elín) og 897 3374 (Bjarni)

Umsóknir má senda á netfang
bokakaffid@bokakaffid.is

Starfsmaður í lóðafrágang óskast

Grjótgás ehf óskar eftir að ráða öflugan
einstakling til starfa við lóðafrágang.
hjá Grjótgás eru mörg verkefni framundan í
allra handa lóðafrágangi.

Helstu verkefni og ábyrgð

dagleg störf við hvers kyns lóðafrágang, allt
frá jarðvinnu og fram í tréverk og hellulagnir

Menntunar- og hæfniskröfur

- ökuréttindi eru skilyrði.
- vinnuvélaréttindi eru kostur
- aukin ökuréttindi eru kostur
- iðnmenntun eða reynsla af samskonar störfum eru kostur



GRJÓTGÁS
HELLULAGNIR OG LÓÐAÞJÓNUSTA

Atli

atlihjorvar@grjotgas.is
S. 690 2458

Stóri plokkgagurinn tókst vel – og við getum gert enn betur!

Sunnudaginn 27. apríl var Stóri plokkgagurinn haldinn um allt land. Rótaryhreyfingin á Íslandi hefur á undanförunum árum gengist fyrir hreinsunaráttaki sem nefnist Stóri plokkgagurinn, þar sem íbúar eru hvattir til þess að horfa í kringum sig, taka hendur úr vösum og plokka upp rusli. Það er í valdi hvers Rótaryklúbbs hvernig er staðið að þessu hreinsunaráttaki. Ísland er einstaklega fallegt land en við gætum staðið okkur miklu betur í því að hreinsa til í kringum okkur, það á bæði við um íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Um þessar mundir er mikið talað um fæðuöryggi sem minnir okkur á mikilvægi landbúnaðar. Sem betur fer eru margir bændur til mikillar fyrirmyndar hvað umgengni varðar en aðrir ganga ótrúlega illa um. Rúlluplast er á girðingum og vélarusl sem hætt er að nota stingur í augun. Á sama hátt eru brotalamir í umgengni í þéttbýli, gömul bílhæ og alls kyns drasl á víðavangi. Í umgengismálum standa frændur okkar Færeyingar sig margfalt betur en við. Það er unun um að aka um og sjá hve snyrtilegt er þar. Það er líklega of snemma að draga fram málningardósirnar og pensillinn en alveg þess virði að nýta þetta tækifæri til þess að taka til í kringum okkur. Þó að við höfum ekki haft tækifæri til þess að tina rusl á Plokkgaginn þá er enn hægt að taka til hendinni og við hvetjum svo sannarlega til þess.

Rótaryklúbbur Rangæinga tók þátt í þessu átaki í fyrsta sinn og er það gert í samstarfi við sveitarfélög í sýslunni. Enn er hægt að taka þátt í hreinsunaráttaki, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir, skólar, fjölskyldur og einstaklingar. Plokkað er í

nærumhverfi eða á fyrir fram ákveðnum svæðum. Stillum saman strengi, látum hendur standa fram úr ermum og tökum til í kringum okkur. Tengiliðir sveitarfélaganna Rangárþings eystra og Rangárþings ytra voru Magnús Þór Einarsson og Ösp Viðarsdóttir, kærar þakkir til þeirra og sveitarfélaganna. Einnig þökkum við þeim tæplega fimmtíu einstaklingum sem plokkuðu með okkur á Plokkgaginn. Sunnlendingurinn Einar Bárðarson sem er Rótaryfélagi og er upphafsmaður Plokksins hér á landi segir: „Hreint land,

fagurt land er gamalt og gott slagorð. Við höfum fengið það að láni í plokkið. Vertu með okkur í baráttunni við sorp í lausagangi. Virkjum nágretta og vini okkar og höldum lóðinni, götunni, hverfinu, bænum, borginni, já og landinu öllu hreinu og finu.“ Góð hvatning það.

Í lokin vill Rótaryklúbbur Rangæingar þakka Sláturfélagi Suðurlands, Krónunni á Hvolsvelli og Kjörbúðinni á Hellu fyrir stuðning við verkefnið.

Ísólfrur Gylfi Pálmason,
forseti Rótaryklúbbs Rangæinga.



Burtu með fordóma í Vallaskóla

Fimmtudaginn 1. maí mun Sinfóníuhljómsveit Suðurlands standa fyrir fjölskyldutónleikum í Vallaskóla undir yfirskriftinni Burtu með fordóma. Tónleikarnir eru unnir í samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga, leikskólana Álfheima, Goðheima, Hulduheima, Jötunheima og Strandheima og menningar- og upplýsingadeild Árborgar.

Nemendur skólanna koma fram og einnig eru leikskólabörnin ráðgefandi í baráttunni við fordóma og munu þeirra hollráð verða kynnt sérstaklega.

Útsetningar laga taka mið af mismunandi getu nemenda enda er eitt af meginmarkmiðum með starfi hljómsveitarinnar að gefa sem flestum kost á að taka þátt í skapandi og listrænu menningarstarfi.

Nemendur skólanna æfðu lögin með kennurum sínum

og mættu vel undirbúnir á fyrstu æfingar með hljómsveit og einsöngvurunum Gunnari Helgasyni og Felix Bergssyni sem jafnframt eru kynnar tónleikanna. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson og Hera Fjölnisdóttir er verkefnastjóri.

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands er nú á sínu fimmta starfsári og hafa tónleikar hljómsveitarinnar jafnan verið vel sóttir

og fengið frábæra dóma gesta. Þetta er í fyrsta sinn sem efnt er til fjölskyldutónleika og er það von aðstandenda að slíkt eigi eftir að mælast vel fyrir enda fátt betra í sumarbyrjun en að gleðjast saman og hlusta á góða og skemmtilega tónlist við allra hæfi.

Tónleikarnir eru eins og áður segir í Vallaskóla og aðeins verður um eina tónleika að ræða. Miðasala er á tix.is.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands á Suðurlandi

30. APRÍL KL. 19:00 | ÍÞRÓTTAHÚSIÐ Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

1. MAÍ KL. 19:00 | ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Í VÍK Í MÝRDAL

2. MAÍ KL. 19:00 | IÐA Á SELFOSSI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur fjölbreytt verk eftir tónskáld á borð við Verdi, Rossini, Beethoven, Sigvalda Kaldalóns og Atla Heimi Sveinsson.

Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen og einsöngvari er Jóhann Kristinsson barítónsöngvari. Kórar á svæðinu taka þátt í flutningnum.

Aðgangur er ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir!

SINFONIA.IS

Laugardælakirkja 60 ára

Tílefnir þessara skrifa er að núverandi Laugardælakirkja verður 60 ára 2. maí nk. en hún var vígð 2. maí 1965. Af því tílefni finnst okkur við hæfi að kynna aðeins sögu kirkjunnar og staðarins.

Laugardælakirkju er fyrst getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups árið 1200. Frá kaþólskum tíma eru ekki til neinar heimildir um kirkjubyggingar í Laugardælum og fara verður fram að aldamótunum 1700 til að fá lýsingar á kirkjum þar. Allt voru það torfkirkjur eða fram á miðja 19. öld. Kirkjurnar entust ekki vel, sem sjá má af því að t.d. á 19. öld var kirkjan endurbýggð fimm sinnum.

Ekki eru til heimildir um presta sem þjónuðu í Laugardælum í kaþólskum sið, en eftir siðaskiptin er vítað um alla presta sem þjónuðu þar frá 1542. Presturinn sat í Laugardælum en annexíur voru kirkjurnar í Oddgeirshólum, Hraungerði og Hjálmholti. Laugardælir voru beneficium, og naut presturinn allra hlunninda og tekna af jörðinni og af öllum kirkju-eignum. Laugardælir voru í útjaðri prestakallsins og árið 1752 var prestssetrið flutt að Hraungerði að ósk starfandi prests og þjónaði hann hinum kirkjunum þaðan sem annexíum.

Kirkjan í Laugardælum var sóknarkirkja Selfyssinga til ársins 1956. Þá var Selfoskirkja vígð, og kirkjan í Laugardælum afhelguð og rifin ári seinna. Mörgum þótti þetta miður, þar á meðal Guðjóni Vigfússyni bifreiðarstjóra og systkinum hans sem ólust upp í Þorleifskoti í Laugardælahverfi hjá foreldrum sínum Sólveigu Snorradóttur og Vigfúsi Jónssyni, sem þar bjuggu. Þegar Guðjón lést af slysförum árið 1961, 52 ára,

ákváðu systkini hans að byggja þar kirkju í minningu hans, Snorra bróður þeirra sem lést ungur að aldri og foreldra þeirra.

Magnús Vigfússon byggingameistari, bróðir Guðjóns, sá alfarið um byggingu kirkjunnar. Systkini hans og aðrir velunnarar kirkjunnar lögðu til fjármuni og aðstoð við byggingu hennar, en Magnús kostaði hana að langstærstum hluta sjálfur. Mjög ólíklegt er að kirkjan hefði risið nema fyrir hans tilstuðlan.

Smíði kirkjunnar hófst 26. maí 1962 og var hún vígð 2. maí 1965 af Sigurbirni Einarsyni biskupi. Þá afhenti Magnús Laugardælasöfnuði kirkjuna, fullbúna og skuldlausu, fyrir hönd þeirra systkina og annarra er höfðu stutt bygginguna. Hann gaf kirkjunni altari úr slípuðum steini eftir Ársæl Magnússon steinsmið og altarið öflu eftir Matthías Sigfússon listmálara. Kirkjunni bárust fleiri gjafir, m.a. gaf Kaupfélag Árnesinga hita frá hitaveitu þeirra um okomin ár, svo og pípuorgel í minningu Egils G. Thorarensen kaupfélagsstjóra. Og Disastaðasystkinin gáfu Guðbrandsbiblíu í minningu foreldra þeirra og látinna systkina.

Kirkjan var teiknuð af Bjarna Pálssyni skólastjóra og kirkjusmiður var Sigfús Kristinsson, byggingameistari á Selfossi. Skreytingu hússins önnuðust hjónin Gréta Björnsson listmálari og Jón Björnsson málara-meistari. Kirkjan er úr steinsteypu og tekur 70 manns í sæti.

Öldum saman voru þrjár lögferjur á Ölfusá; í Laugardælum, á Kotferju og í Óseyrarnesi, og var ferjustaðurinn í Laugardælum fjölfarnasti ferjustaðurinn á landinu. Þegar Ölfusá var brúuð hjá Selfossi árið 1891 lögðust ferjurnar af í Laugardælum og á Kotferju.

Laugardælir eru mikil hlunnindajörð, t.d. hefur jafnan verið stunduð mikil laxveiði þaðan. Þá var mikil dúntekja stunduð í eyjum Laugardæla. Árið 1914 var dúntekja aðeins stunduð á tveimur öðrum stöðum í sýslunni, Skipum og Bausstöðum. En dúntekjan var langmest í Laugardælum eða 21 kg á ári á meðan hinir staðirnir gáfu um 2 kg hvor. Aðarvarpið lagðist fljótlega af eftir að minkaeldi hófst í landinu 1931 en strax árið eftir sluppu minkar út og hafa þaðan dreift sér um landið.

Kaupfélag Árnesinga keypti



Laugardæli árið 1937 og rak þar stærsta kúabú landsins um nokkurt skeið. Árið 1952 tók Búnaðarsamband Suðurlands jörðina á leigu í 25 ár, og fóru þar fram afkvæmarannsóknir og fœðurtílaunir.

Kaupfélag Árnesinga gekkst fyrir því að borað yrði eftir heitu vatni í túni Laugardæla og í framhaldinu lögð hitaveita til Selfoss, en það var þriðja hitaveitan á landinu. Vatnið var ekki nógu hreint og var þá borað í landi Þorleifskots, sem heppnaðist mjög vel. Í dag er allur Selfossbær hitaður upp með heitu vatni þaðan.

Það að gróf skákmeistarans Bobby Fischer sé í Laugardælakirkjugarði hefur dregið að sér margan ferðamanninn, sem hefur orðið til þess að auglýsa kirkjuna og staðinn og þannig stutt við ferðamennsku svæðisins. Með þessum orðum óskum við Laugardælasöfnuði og öðrum Sunnlendingum til hamingju með sextíu ára afmæli kirkjunnar.

Með kærri kveðju,
Kristín, Aldís og Þóra,
afkomendur Sólveigar og
Vigfúsar í Þorleifskoti.





DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



DANSK MÆRKT
Prentgripur
1041 0808

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Þetta orð við út er fest,
einn í burt er vesæll.
Stundum hann í sári sést,
sá mun þakjárn festa best.

Svar við gátu í blaði 2798: **GORMUR**
2. lína: **GORMUR** gamli, danskur kóngur um miðja tíundu öld
3. **(G)**ormur





Sunnlenski matgæðingurinn



Ensk smalabaka

Daði Már Sigurðsson er matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á því að þakka handboltagoðsögninni Þóri Ólafs fyrir áskorunina, en til gamans má geta þá er hann allra frægasti vinur minn. Ég ætla að deila með ykkur uppskrift að enskri smalaböku sem kom á óvart í síðasta matarboði. Þessi uppskrift miðast við 3-5 fullorðna.



- 500 g nautahakk
- Ólífuoía
- 3 gulrætur
- 1 meðalstór laukur
- 3 hvítlauksgeirar
- 4 tsk tómátupúrra
- 1 1/2 dl rauðvín
- 2 dl kjúklingasoð (soðið vatn + kjúklingateningur dugar líka)
- Væn skvettur af Worcesters-hire-sósu
- 2 tsk rósmafin
- Salt og nýmalaður pipar

Hitið olíuna á pönnu, steikið hakkið og kryddið. Rífið niður gulræturnar, laukinn og hvít-laukinn með rifjárn og blandið saman við hakkið. Blandið svo rauðvíni, kjúklingasoði, Worcestershire-sósu og tómátupúrru við og látið malla í nokkrar mínútur.

- ### Kartöflumús með parmesan
- 750 g kartöflur
 - 2 eggjarauður
 - Salt og pipar
 - 60 g rifinn parmesan ostur
 - 2 msk smjör
 - Smá skvettur af mjólk eftir smekk

Sjóðið kartöflur og skrælið. Setjið allt saman í hrærivél og hrærið vel saman í 2-3 mínútur. Stundum er gott að stappa kartöflurnar lítillaga áður svo þær festist minna í vélinni. Þá ætti músin að vera klár. Setjið hakkblönduna í eldfast mót, smyrjið kartöflumúsinni svo ofan á og setjið vel af rifnum parmesanosti yfir. Rétturinn fer svo inn í 180°C heitan ofn í um 20-25 mínútur. Berið fram með fersku salati og njótið með rauðvinsglasi eða stórum bjór.

Ég ætla að skora á undrið úr Klængsselinu, hann Steinar Baldurs-son, að birta næstu uppskrift, en hann er ávallt þekktur sem sami gamli þorparinn í eldhúsinu. Hann á einmitt rætur að rekja til Danmerkur og ég er á leið í matarboð til hans í næstu viku með dönsku þema þannig að ég býst fastlega við því að hann geti deilt með okkur Sunnlendingum einhverjum leyniuppskriftum úr Danaveldi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ída Bjarklind snýr aftur heim

Ída Bjarklind Magnúsdóttir hefur samið við Handknattleiksdeild Umf. Selfoss til þriggja ára.

Ída Bjarklind er hávaxin skytta sem leikið getur bæði hægra og vinstra megin í sókninni, þá er hún öflug í vörninni. Ída er uppalin á Selfossi og þar hóf hún sinn meistaraflokksferil. Eftir það lék hún með Stjörnunni og síðustu ár með Víkingum. Ída lék í gegnum öll yngri landslið og síðustu ár hefur hún verið á meðal markahæstu leikmanna Grill 66 deildarinnar.

„Við fögnum því að fá Ídu aftur heim og erum spennt að fá að sjá hana taka næstu skref í Olisdeildinni á Selfossi,“ segir í tilkynningu frá deildinni.



1. maí - Kvennaár 2025

Til hamingju með daginn okkar 1. maí. Við sköpum verðmætin.

Upp er runnið heilmikið kvennaár og hafa konur verið kosnar til helstu embætta í okkar samfélagi síðustu miss-eri. Flottar konur sem við getum verið stolt af: Forsetinn, biskupinn, formenn stjórn- mála- flokka, borgarstjórinn og rektor Háskóla Íslands svo eitthvað sé nefnt. Samkvæmt þessu ætti íslenskt samfélag að vera á nokkuð góðum stað hvað varðar jafnrétti en því miður endur- speglar þetta ekki raunveruleika jafnréttis.

Hvort sem lítið er til launa- fólks, atvinnurekenda eða starfa er íslenskur vinnumarkaður mjög kynskiptur (SBASÍ). Á al- menna markaðnum eru starfandi um 160 þúsund á meðan það eru tæp 60 þúsund á opinbera markaðnum (hjá ríki og sveitar- félögum). Á meðan hlutfall iðn- aðarmanna er 90% karlar eru 70% skrifstofufólks konur. Konur í meirihluta sinna fræðslu- starfsemi, heilbrigðis- og félags- þjónustu. Starfandi í hlutastarfi á bilinu 25-64 ára eru 8,2% karlar á móti 24,3% kvenna. Í nýút- kominni skýrslu Vörðu (rann- sóknarstofnun vinnumarkaðar- ins) sýnir að 73% kvenna segja ástæðu fyrir hlutastarfi vera til að auðvelda samræmi milli fjölskyldu og einkalífs. Enginn karl valdi sér hlutastarf vegna fjölskylduaðstæðna. Árið 2023 mældist munur í atvinnutekjum 21,9%. Þetta sýnir mismunandi vinnuframlag kynjanna í laun- aðri og ólaunaðri vinnu. Konur vinna mikla vinnu inni á heimilinu sem ekki er metin til launa. Karlar unnu að jafnaði 7 klst fleiri tíma á viku. Konur fara fyrr af vinnumarkaði og að jafnaði draga barneignir úr at- vinnuþátttöku kvenna. Ráðstöf- unartekjur meðra lækka um 30- 40% við fæðingu barns á meðan

ráðstöfunartekjur feðra lækka lítilllega við fæðingu barns. Í samfélagsgerðinni okkar er framlag karla og kvenna ólíkt metið. Umönnunarábyrgð er að stærstum hluta á herðum kvenna og takmarkar möguleika þeirra á vinnumarkaði sem hefur áhrif á launatekjur.

Nú eru liðin 50 ár frá kvenna- frídegnum og af því tilefni hefur árið í ár verið tileinkað kvennabaráttunni. Árið 1975 tóku kvennasamtök, kvenfélög og stéttarfélög sig saman og skipulögðu dag þar sem konur lögðu niður vinnu. Þó að margt hafi breyst þá er langt í land með að ná fullu jafnrétti. Í hálfa öld hafa konur krafist aðgerða í þágu jafnréttis. Þann 24. október sl. lögðu 100.000 konur og kvár niður störf til þess að krefjast breytinga. Það viðgengst marg- víslegt misrétti, því miður, kynbundið ofbeldi, slæm staða kvenna af erlendum uppruna, konur með fötlun og láglauna- konur svo dæmi séu tekin. Það er af nógu að taka og baráttan heldur áfram. Áfram stelpur.

Það eru margar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Við þurfum ekki aðeins að standa vörð um þau réttindi sem við þegar höfum náð við þurfum að velta fyrir okkur hvar mun íslenskt launafólk standa þegar misvitir þjóðarleiðtogar störfþjóða gefa út yfirlýsingar hvern dag sem snertir okkur öll. Hvernig komast svona menn til valda?

Okkur berast fréttir af auknu ofbeldi á hverjum degi. Við þurfum að gæta að okkur í sam- skiptum, orðræðunni og almennt í mannlegum samskiptum. Orð- ræðan í samfélaginu er farin að sjást í orði og æði unga fólks- ins. Öfgafullar skoðanir eru í auknum mæli að birtast okkur. Algengar birtingarmyndir eru meðal annars stafrænt einelti, hótanir, mynddreifing án sam-



þykkis og kynferðislegt áreiti. Á samskiptamiðlum má sjá hverjir hafa hæst í hvers konar um- ræðum sem að geta haft mótandi áhrif á ákveðna hópa. Hvernig í ósköpunum gerðist þetta? Af hverju er það fréttæfni að ráðast á persónur og hreinlega slátra þeim á opinberum miðlum? Það virðist engum líða vel í þessu umhverfi. Það er orðið um- hugsunarvert þegar sá/sú sem er með mesta „strigakjafinn“ og árásgjarna umræðu fær allt það pláss sem viðkomandi óskar eftir í fjölmiðlum og á sam- félagsmiðlum. Það hefur verið talað um hinn þögla meirihluta sem tekur ekki þátt í umræðunni vegna þess hve ómálefnaleg hún er. Fólk sem lætur ekki draga sig niður á þetta plan skiljanlega þar sem rök og staðreyndir víkja fyrir fordómum, tilfinningum og árásgirni.

Í samfélagi þar sem við eig- um öll samleið skipta samskipti öllu máli og hvernig við komum fram við hvert annað. Verum fyrirmyndir fyrir börnin okkar. Við mótum umhverfið okkar, látum það einkennast af hlýju, umburðarlyndi og virðingu, það kostar ekkert.

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags.

Frasamessa á bókasafninu á Selfossi

Jæja, góðan daginn, gjörðu svo vel, viltu afrit, settu vöruna á pokasvæðið, ekki núna, gott fyrir. Hvaða orð og frasa er takt að kunna og skilja, vilji fólk sem er að læra íslensku spreyta sig á að nota í íslensku samfélagi?

Fimmtudaginn 8. maí verður frasamessa á bókasafninu á Selfossi. Messan er liður í áttakinu Gefum íslensku séns sem hófst í Árborg fyrir rétt tæpum mánuði. Markmiðið með frasamess- unni er að varpa ljósi á algengar setningar sem gagnast vel í sam- skiptum fólks og að auki bjóða upp á skemmtilega samveru þar sem fólk sem á ekki íslensku að móðurmáli hittist og æfir sig í að nota hina ýmsu frasa. Það eru Háskólafélag Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands og Menningar- og upplýsingadeild Árborgar sem standa að áttakinu

og að sjálfsögðu eru öll velkom- in, bæði þau sem eru að æfa sig í íslensku og eins þau sem vilja koma og leggja orð og setningar í frasapúkkið.



Frasamessan hefst kl. 17:00 og lýkur 17:45. Ekki þarf að skrá sig, bara mæta og hafa gaman. Verkefnið er stafrænt og hafa gaman. Verkefnið er stafrænt og hafa gaman.

Frá kirkjugörðunum í Þorlákshöfn og á Hjalla í Ölfusi.

Stjórn kirkjugarðanna býður aðstandendum og for- ráðamönnum sem eiga leiði í kirkjugörðunum aðstoð, sér að kosnaðarlausu, ef þeir telja þörf á lagfæringum á leiðum.

Efni, t.d. þökur, verður til staðar svo og nauðsynleg verk- færi. Starfsmenn verða til aðstoðar.

Þeir sem ekki hafa tök á að nýta þetta boð er bent á að hægt er að koma óskum um lagfæringar á netfangið groa@portland.is. Æskilegt er að fá sent á sama töl- vupóstfang fyrirspurnir og lýsingu á því hvað þurfi að lagfæra til að tryggt sé að nauðsynlegt efni og áhöld séu til staðar.

Einnig er hægt að hafa samband við Hjörleif, formann sóknarnefndar í síma 893-2017.

Þorlákshafnarkirkjugarður laugardaginn 17. maí kl. 10 - 13
Hjallakirkjugarður laugardaginn 24. maí kl. 10 - 13

Stjórn Þorlaks- og Hjallakirkjugarða.



Tilboð í rekstur tjaldsvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal



Land og skógur auglýsir eftir tilboðum í rekstur gam- algróins tjaldsvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal. Um er að ræða áhugavert tækifæri fyrir einstaklinga eða fyr- irtæki með áhuga á útivist og uppbyggingu aðstöðu. Mikilvægt er að rekstraraðili hafi þekkingu og/eða reynslu í ferðaþjónustu og ríka þjónustulund. Tjald- svæðið skiptist í mörg rjóður, er umlukið trjágróðri og rómað fyrir náttúrufegurð. Svæðið hefur verið opið frá seinni hluta máí og fram yfir miðjan september ár hvert.

Helstu verkefni:

- Dagleg umsjón og þrif á tjaldsvæðinu
- Innheimta gjalda
- Samskipti við gesti
- Viðhald á búnaði og mannvirkjum
- Sjá um sorphirðu og endurvinnslu sorps
- Tryggja öryggi gesta og hreinlæti á svæðinu
- Markaðssetning og auglýsing tjaldsvæðisins
- Annað það sem fylgir eðlilegum rekstri tjaldsvæða

Óskað eftir því að tilboði fylgi stutt greinargerð um hugmyndir rekstraraðila um rekstur tjaldsvæðisins.

Drög að samningi má fá hjá Trausta Jóhannssyni, sjá hér að neðan. Tilboðsgjafar skulu gera tilboð í rekstur tjaldsvæðisins, skv. fyrirbyggjandi samningsdrögum. Land og skógur áskilur sér rétt til að hafna öllum til- boðum.

Umsóknarfrestur er til kl. 16 þann 8. maí 2025. Tilboðum skal skilað á netfangið trausti@logs. is. Nánari upplýsingar veita Trausti Jóhannsson skógarvörður trausti@logs.is og Jóhannes H. Sigurðsson að- stoðarskógarvörður johannes@logs.is.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnskur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyragæti 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

vöflukaffi hjá
Framsókn á
Eyrarveginum nk.
laugardag, 3. maí kl. 11

Sérstakur gestur verður
Sigurður Ingi
Jóhannsson, formaður
Framsóknar

KIRKJUR

Frá Skálholtsprestakalli

Fuglamessa 2. sunnudag eftir páska, 4. maí kl. 11. Sálmar og ihugun um fugla himinsins, eftir fuglagöngu laugardaginn 3. maí með Tómasi fuglafræðingi um Skálholtstungu (sjá Skálholt.is). Sr. Kristín sóknarprestur og Jón organisti þjóna. Barnabörð og kaffisopinn á sínum stað. Innilega velkomin!



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Allir dagar eru plokkgar hjá Elínu Birnu

Elín Birna Bjarnfinnsdóttir er plokki frá Eyrarbakka er einn af öflugustu plokurum landsins. Það má segja að það sé stór plokkgar hjá henni um það bil þrisvar til fjórum sinnum í viku miðað við það sem hún birtir af verkefnum sínum á Facebook-síðunni Plokk á Íslandi. Það virðist engu skipta hvað árstíð er eða veður. Hún plokkar í kringum heimabæinn sinn Eyrarbakka, fjöruna þar og í kringum helstu umferðaræðar og þjóðveginn til og frá bænum. Í fyrra var Elín Birna verðlaunuð fyrir framlag sitt til umhverfismála í sveitarfélaginu Árborg.

Hún er ein af átta þúsund Íslendingum sem mynda hópinn Plokk á Íslandi á Facebook sem stofnaður var í byrjun árs 2018. Í framhaldi af því reis upp þessi sterka fjöldahreyfing sem hefur það eitt að leiðarljósi að taka upp rusl og fjarlægja úr náttúrunni. Meðlimir hópsins eru misjafnlega öflugir en allir hafa þeir tilgang því allir taka þeir þátt í að hvetja og þakka þeim sem ganga hvað vasklegast fram. Elín er sannarlega ekki ein

þar og má segja að landvættirnar í plokkinu séu: Tómas Knútsson og Blái Herinn á Reykjanesi, Svavar Hávarðsson, Mjöll Þórarinsdóttir og Árni Guðmundsson í borginni, Sigríður Kristjánsdóttir í Hveragerði, Ása María Ásgeirsdóttir á Flúðum og Elín Birna. Svo einhver sé nefnd af mörgum.

Elínu bregður fyrir í auglýsinga- og kynningarefni fyrir Stóra plokkgarinn sem

var sl. sunnudag. "Okkur finnst skipta máli að varpa ljósi á frábært starf þessara ötulu plokka um allt land sem kalla alla daga stóra plokkgar. Þau eru okkur svo mikill innblástur," segir Einar Bárðarson, stofnandi Stóra plokkgarsins og félagi í Rótaryhreyfingunni. En Rótaryhreyfingin skipulagði Stóra plokkgarinn með stuðningi frá Landsvirkjun og Umhverfissorku og auðlindaráðuneytinu.



Elín Birna í fjörunni á Eyrarbakka á páskadag. Ljósmynd: Einar Einarsson.

BRUNAVARNIR
ÁRNESÝSLU

Okkur vantar fleiri
Slökkviliðsmenn í dagvinnu

HÆFNISKRÖFUR:

- Stúdents- eða sveinspróf skilyrði
- Aukin ökuréttindi skilyrði (vörubifreið)
- Rútuþróf og vinnuvélaréttindi æskileg
- Góð íslenskukunnátta
- Góðir líkamsburðir
- Andlegt/líkamlegt heilbrigði
- Góð heyrn og sjón, rétt litaskyn
- Laus við lofthæðslu og innilokunarkennd
- Færni í samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Almenn reglusemi og háttvísi

UM STÖRFIN:

Brunavarnir Árnessýslu auglýsa laus störf í útkallslið á dagvinnutíma.

Starfsmenn slökkviliðsins taka að sér ýmis störf tengd starfsemi slökkviliðsins auk þess að starfa á útkallsliði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Starfsstöðin er á Selfossi en starfsvæðið er öll Árnessýsla.

FYLIGIGÖGN:

- Ljósrit af báðum hlíðum ökuskrteinis
- Prófskrteini
- Nýleg passamynd
- Ferilskrá og kynningarbréf
- Sakavottorð
- Ökuferilskrá
- Læknisvottorð

INNÞÖKUFERLI:

- Hlaupapróf
- Þrek- og styrktarpróf
- Starfstengd verkefni
- Próf v innilokunarkenndar og lofthæðslu
- Skriflegt próf
- Aksturspróf
- Læknisviðtal
- Viðtal

UMSÓKN:

- Umsóknir berist á netfangið larus@babubabu.is merktar "Slökkviliðsmaður 2025"
- Nánari upplýsingar á heimasíðu Brunavarna Árnessýslu www.babubabu.is og á netfanginu larus@babubabu.is

UMSÓKNAFRESTUR
TIL 12. MAÍ 2025



www.babubabu.is



facebook.com/babubabu.is



Árvegur 1, 800 Selfoss

Stórhættuleg stökk og skemmtilegur húmor á afmælissýningu BMX BRÓS

Árið 2015 hófst vegferð hjólasnillingana í BMX BRÓS eftir að hafa lent í 2.sæti í hæfileikabættinum Ísland Got Talent. Laugardaginn 10. maí næstkomandi verða þeir með 10 ára afmælisgleði í Mýrinni í Garðabæ. Meðlimir BMX BRÓS eru Selfyssingurinn Magnús Bjarki Þórlindsson, Benedikt Benediktsson og Anton „Krulli“ Arnarson.

Skortur á nýjungum í þáttinn

Aðspurður að því hvenær strákarnir byrjuðu að æfa sig á BMX-hjólum segir Magnús Bjarki að mynstrið hafi verið mjög svipað hjá þeim öllum. „Við vorum allir mikið að fjallahjóla á undan sem krakkar. Um 13 ára aldurinn færðum við okkur svo yfir í BMX-hjólín og höfum ekki stigið af þeim síðan í rúm 17 ár,“ segir hann í samtali við Dagskrána.

Það er góð saga á bakvið það hvernig BMX BRÓS fóru í Ísland Got Talent árið 2015. Stöð 2 hafði snemma árs árið 2014 samband við Sindra, góðan félaga BMX BRÓS, vegna skorts á nýjungum í þáttinn.

„Sindra er líklega með hæfileikaríkustu jaðarsportmönnum landsins og hafði BMX-hjólað sem Íþróttalaufurinn í Latabæ fyrir Magnús Scheving, hann hafði þó ekki áhuga á því að taka þátt í raunveruleikakeppni og benti á Anton (Krulla). Anton var hins vegar á leiðinni til Ameríku í nokkra mánuði og benti því á Benna sem var laus í þessar pælingar og hringdi í Magga til að ræða þetta. Í fyrstu töldum við okkur hreinlega of svala til þess að taka þátt í þessari keppni en þegar Stöð 2 hringdi aftur til að sannfæra okkur þá ákváðum við að slá til og skrá okkur. The rest is history eins og sagt er,“ segir Magnús.

Hafa haldið yfir 500 sýningar

Fljótlega eftir að þættinum lauk fóru fyrirtæki að hafa og hátíðarhaldarar að hringja í BMX BRÓS og biðja um atriði á fjölskylduskemmtanir. Maggi og Benni áttuðu sig þá á því að markaðurinn fyrir hjólasýningar væri að opnast og þurfti að skipuleggja sumarið fram í

tímann. „Fljótlega kom þó í ljós að á einstaka gígum væri annar okkar upptekinn. Við reyndum á einstaklingssýningar en að stökkva um, peppa áhorfendur og tala í mikrafón á sama tíma er eðlisfræðilega ekki hægt og kom fljótt í ljós að þriðji meðlimurinn yrði að bætast við. Þarna var Anton kominn heim frá Ameríku og buðum við honum að bætast við í BMX-BRÓS hópinn og var hann svo sannarlega til í það,“ tekur Magnús fram.

Síðan að Ísland got talent lauk hefur verið nóg að gera hjá BMX BRÓS. „Við leggjum gríðarlegan metnað í það að halda skemmtilegar sýningar og tryggja að hátíðarhaldarar og áhorfendur séu ánægðir með okkar vöru. Það hefur skilað sér í því að frá árinu 2015 höfum við haldið yfir 500 sýningar og eru margar þeirra fastur liður á útihátíðum um land allt,“ segir Magnús.

Að sögn Magnúsar hefur gengið vel að tvínnu saman BMX BRÓS og vinnu. „Stór hluti sýninganna er um helgar en það kemur reglulega fyrir að við þurfum að hoppa frá eða fá frí á virkum dögum. Við skipuleggjum þá vinnuna okkar í kringum þá daga og erum heppnir með vinnuveitendur sem hafa skilning og gaman af rekstri BMX-BRÓS.“

Hefur brotið um tíu bein

Magnús segir að í grunninn sé frelsið við íþróttina það skemmtilegasta við hana.

„Við gripum bara í hjólin og getum leikið og æft okkur á næstum hverju sem er, stokkið niður tröppur, hoppað yfir handrið, kíkt á hjólabrettavelli o.fl. Við förum einnig reglulega í „Game of bike“ sem virkar hreinlega eins og „Asni“ í fótbolta. Þá gerir einn okkar ákveðna kúnt á hjólinu og ef við klúðrum að leika það eftir fáum við staf. Þarna náum við framförum í tæknilega erfiðum hlutum og getum einnig ögrað hvor öðrum á skemmtilegan hátt.“

Aðspurður að því hvort þeir hafi aldrei slasast á hjólunum segir Magnús ýmis bein hafa

verið brotin í gegnum árin.

„Ég var einstaklega óheppinn fyrstu árin og hef brotið um tíu bein, þá t.d lærbein, viðbein, handlegg, rist o.fl. Anton hefur einnig brotið viðbein og rífið liðþófa í hné sem hann var nýbúinn að jafna sig á. Fyrir nokkrum árum braut Benni svo olnbogann á sér og er það eina brotið hans á ferlinum. Almennt er ekki mikið um að rífa eða slíta vöðva í þessu jaðarsporti eins og maður sér oftast hjá boltaíþróttamönnum.“

Öllu tjaldað til í afmælinu

10 ára afmælið verður frábær skemmtun frá byrjun til enda að sögn Magnúsar.

„Við ætlum að tjalda öllu til með okkar frábæru styrktaraðilum og halda frábæra powersýningu, Emmisjé Gauti stígur á svið og tekur vel valin lög, áhorfendur fá árituð plaköt með sér heim, gjafaleikur með veglegum vinningum og við erum búnir að vera að undirbúa trikk sem hefur ekki verið tekið áður á Íslandi og við hlökkum mikið til að deila þeirri stund með áhorfendum.“

Á sýningunni má búast við BMX-BRÓS í fullum gir að gera það sem þeir gera best. Stórhættuleg stökk, skemmtilegur húmor og mikil tengsl við áhorfendur sem fá að taka þátt í sýningunni með beinum og óbeinum hætti. „10 ára afmæli BMX BRÓS er stund sem þið ættuð ekki að missa af!“ segir Magnús að lokum.

EJH



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Ásahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar:

1. Vaðnes L168289; Efnistökusvæði; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2503065

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 23. apríl 2025 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að nýtt efnistökusvæði er skilgreint í landi Vaðness L168289. Svæðið sem um ræðir er landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni og gert ráð fyrir að efnistakan vari í allt að 10 ár. Stærð vinnslusvæðis verður allt að 2 ha.

Samkvæmt 41. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanar:

2. Iðnaðarsvæði II í Flatholti; Deiliskipulag - 2504041

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. apríl 2025 tillögu nýs deiliskipulags til auglýsingar sem tekur til iðnaðarsvæðis II í Flatholti. Innan deiliskipulags er ekki gert ráð fyrir byggingarheimildum en innan lóða verði heimilt að láta lausabúnað standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi (stöðuhýsi), vélahluti, byggingarefni eða álíka muni.

3. Langamýri spilda L209076; Íbúðarhús og hesthús; Deiliskipulag - 2504014

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. apríl 2025 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindur er byggingarreitur fyrir íbúðarhús og hesthús auk aðkomu að svæðinu.

4. Bergholt L238505; Íbúðarhús, gestahús og hesthús; Deiliskipulag - 2503060.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. apríl 2025 tillögu nýs deiliskipulags til auglýsingar sem tekur til Bergholts L238505 í Ásahreppi. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og þar verður heimilt að byggja íbúðarhús, gestahús og hesthús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.asahreppur.is, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 30. apríl 2025 með athugasemdarfresti til og með 22. maí 2025.

Mál 2 - 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 30. apríl 2025 með athugasemdarfresti til og með 12. júní 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

VINSÆLU ALOEVERA KREMIN FRÁ TENERIFE ERU KOMIN

APÓTEKI
SUÐURLANDS





Gekk 12 kílómetra með kross á föstudaginn langa

Á föstudaginn langa gekk Henrik Knudsen, íbúi á Eyrarbakka, frá heimili sínu á Selfoss með stóran kross til að vekja athygli á trú sinni á Jesú.

Gangan hófst klukkan átta um morguninn og gekk allt vel að sögn Halldóru Guðjónsdóttur, eiginkonu Henriks. Gengið var 12 kílómetra frá Eyrarbakka á Selfoss þar sem endað var í Hvítasunnukirkjunni. Þar var boðið upp á kjöt í karrý á gamla mátann. „Við báðum saman og minntumst frelsara okkar Jesú sem fór á krossinn fyrir okkur öll fyrir um 2000 árum,“ segir Halldóra. Henrik gekk leiðina ekki einn en fjöldi fólks fylgdi honum og fengu sumir að spreyta sig á krossinum.

„Veðrið var mjög gott og enduðum við í fallega miðbænum á Selfossi og sungum

nokkur lög og báðum fyrir þeim sem vildu. Sumir fengu sér ís og krakkar forvitnuðust um krossinn,“ segir Halldóra að lokum.

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575



800 SMÍÐI EHF.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR

Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Akstursþjálfun

Meirapróf

okuland.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa

Þjónustusími



NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is